

Mánudaginn 6. desember 1948.

Nr. 50/1948. **Jón G. Guðmann** (Hrl. Theódór B. Lindal)

gegn

Pórði Gunnarssyni og gagnsök

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Um öflun gagna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur gengur í máli þessu, þykir rétt að veita aðiljum kost á samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936, að afla eftirtalinna gagna.

1. Rétt þykir, að aflað sé yfirlýsingar póststjórnarinnar og Sjúkrasamlags Akureyrar um það, hvort þessir aðiljar hafi samþykkt, að gagnáfrýjandi höfðaði mál á hendur aðaláfrýjanda út af kröfum þeirra, sem hans eigin krafa væri.

2. Þá þykir og rétt, að aflað sé læknisvottorðs um heilsufar gagnáfrýjanda, eins og það er nú, og mats tryggingaryfirlæknis á því, hvort um varanlega örorku sé að ræða, og ef svo er, þá hversu mikil.

Enn fremur skal leitað þeirra gagna annarra, sem efni kunna að vera til.

Ályktarorð:

Aðiljum skal veittur kostur á að afla framangreindra gagna.
